

Námsáætlun -Leiklist

7.bekkur 2015-16

Helstu viðfangsefni

Á vorönn eru verkefnin tengd stuttmyndagerð þar sem nemendur vinna saman í hópum við að skrifa handrit, leika og leikstýra stuttri kvikmynd. Kvikmyndalæsi og kvikmyndagagnrýni tekur svo við. Að auki kynnast nemendur útvarpsleikhúsinu og vinna með það form í tímum. Sviðsbardagalist er kynnt og fá nemendur að prufa nokkrar brellur í sviðstækni leikararans.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í leikþætti/leiksýningu með viðeigandi radd og líkamsbeitingu. Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Búið til leikþætti í samvinnu við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.

Kennslutilhögun

Innlagnir verkefna, hópefli, traustleikir, leiktækni, hlustun og spunaleikir verða helstu vinnuaðferðirnar. Lögð er áhersla á að nemendur geta unnið sjálfstætt og að þeir læri að bera virðingu fyrir öðrum í bekknum. Hópvænna er einnig mikilvæg þar sem að allir geta unnið saman.

Námsmat

Einkunn er gefin í lok annar.

Tekið er mið af sjálfstæði, frumkvæði, sköpun, vinnusemi, áhuga, vandvirkni og viðhorfi. Einnig mikilvægt að nemandi geti unnið í hóp og þróað hugmyndir. Að lokum að nemandi geti tekið leiðsögn og gagnrýni á jákvæðan hátt.